

Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2009



**Ólafur K. Nielsen
Jóhann Óli Hilmarsson**

Reykjavík, desember 2009

ÁGRIP

Tjarnarfuglar voru vaktaðir árið 2009 líkt og verið hefur frá 1973. Fimm andategundir hafa allan þennan tíma verið árvissir varpfuglar við Tjörnina: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Varpstofnum duggandar og æðar hefur hnignað verulega og gargöndin er við það að hverfa úr fuglafánu Tjarnarinnar. Stökköndum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum og skúfandarstofninn hefur að mestu staðið í stað. Samanlagður fjöldi andapara var mestur á 8. áratug nýliðinnar aldar, síðan fækkaði og voru endurnar fæstar um 1995. Síðan hefur fjölgað hægt og bítandi og það helgast eingöngu af aukningu hjá stökkönd. Langvarandi viðkomubrestur stendur andastofnunum fyrir þrifum. Það er mat skýrsluhöfunda að ástand mála varðandi Tjarnarfugla sé óviðunandi og sinnuleysið í þeirra garð í engu samræmi við mikilvægi fuglanna fyrir borgarbúa. Borgaryfirvöld mörkuðu stefnu varðandi Tjörnina og fuglalífið árið 1992, en henni hefur ekki verið fylgt.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
1 INNGANGUR	4
2 FUGLALÍF 2009	4
<i>Stökkönd</i>	4
<i>Gargönd</i>	4
<i>Duggönd</i>	6
<i>Skúfönd</i>	8
<i>Æður</i>	8
<i>Aðrar endur</i>	8
<i>Grágæs</i>	9
<i>Kría</i>	9
<i>Aðrir fuglar</i>	9
3 HVERT SKAL STEFNA?	9
4 TÖFLUR	11

Forsíðumynd: Kría rekur sílamáf frá Þorfinnshólma. Ljósm. JÓH.

1 INNGANGUR

Allt frá árinu 1973 hefur fuglafána Tjarnarinnar veri vöktuð og það er gert með því að telja fuglana á vorin og síðsumars. Tilgangurinn með þessu er að fylgjast með breytingum á stofnstærð og afkomu Tjarnarfuglanna, þannig að hægt sé að greina hættumerki í tæka tíð og grípa inn í atburðarásina sé þess kostur. Þessi vöktun hefur snúist um andfugla (gæsir og endur) og einnig kríu, en ekki mófugla sem verpa í Vatnsmýrinni.

Fuglar voru taldir þrisvar sinnum árið 2009, tvisvar sinnum í maí og einu sinni í júlí. Allir fuglar voru taldir á Norðurtjörn, Suðurtjörn, Þorfinnstjörn, Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, sem og í friðlandinu í Vatnsmýri (1. mynd). Talningar í maí gefa stærð varpstofna og síðsumarstalningin viðkomuna. Hjá öndum er stærð varpstofns miðuð við fjölda kolla. Hér á eftir verður fjallað um endur, gæsir og kríu. Einnig verður fjallað um framtíðarsýn eða öllu heldur skort á framtíðarsýn vörslumanna Tjarnarsvæðisins.

2 FUGLALÍF 2009

Fimm andategundir urpu við Tjörnina sumarið 2009 líkt og verið hefur í nær fjóra áratugi, þetta eru: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður.

Stökkönd


Í maí sást mest 81 stökkandarkolla og í júlí voru 79 kollur (1. tafla). Samanburður við fyrri tíð sýnir að varpstofninn var sterkur á 8. áratug nýliðinnar aldar (100 til 120 pör), síðan fækkaði og lágmark var 1995 (45 pör), eftir það óx stofninn jafnt og þétt og var kominn í 113 pör 2007 en síðan fækkaði og pörin voru 83 vorið 2008 og 81 2009 (2. mynd; 2. tafla). Fellisteggir stökkandar voru 283 á Tjörninni sumarið 2009. Mun fleiri stökkandarsteggir felldu á Tjörninni á 8. áratugnum, þá voru þeir 400 til 500 (3. mynd). Í lok júlí 2009 voru 17 stökkandarkollur með samtals 52 unga. Þetta er aðeins betri viðkoma en verið hefur síðustu fimm ár, en í slöku meðallagi við það sem verið hefur síðustu þrjú áratugi (4. mynd).

Gargönd


Í talningum vorið 2009 sást aðeins eitt gargandarpar og kollan var með 2 unga síðsumars (2. og 4. mynd, 1. og 2. tafla). Í tæpan áratug hefur viðkoma garganda á Tjörninni verið mjög léleg (4. mynd, 3. tafla). Þrjár gargendur felldu flugfjaðrir á Tjörninni, tvær kollur og steggur.



1. mynd. Tjörnin og friðland fugla í Vatnsmýri. Austurhluti friðlandsins er markaður með síkjum og girðingu, vesturhlutinn sem nær út undir Sæmundargötu er óvarinn.




2. mynd. Andakollur á Tjörninni vorin 1974–2009. Gögn vantar fyrir allar tegundir árin 1982 til 1987, fyrir æður 1981 og duggönd 1993.




3. mynd. Fellisteggir stokkandar á Tjörninni 1973 til 2009. Gögn vantar fyrir árin 1981 til 1987 og 1992 og 1993.

Duggönd

Varpstofn duggandar taldi 6 kollur vorið 2009 og hefur ekki verið minni frá upphafi talninga 1974 (2. mynd, 2. tafla). Duggöndum hefur fækkað jafnt og þétt frá því uppúr 1980. Lítilsháttar aukning var 1996 til 2000 en síðan hefur fækkunin haldið áfram. Þann 24. júlí sáust fimm kollur og ein þeirra var með einn unga (5. mynd). Varpafkoma duggandarinnar hefur verið léleg um árabíl (4. mynd, 3. tafla).



4. mynd. Andarungar á Tjörninni síðsumars 1973–2009. Gögn vantar fyrir árin 1983 til 1985, 1987 og 1992 til 1993, einnig vantar stökkönd og gargönd 1986, stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd 1994, og æður 1995.



5. mynd. Eini duggandarunginn sem komst á legg á Tjörninni sumarið 2009 ásamt móður sinni. Ljós. ÓKN.

Skúfönd

Varpstofn skúfandar taldi 27 kollur vorið 2009 (1. tafla). Þetta er svipað og verið hefur í tæplega 20 ár (2. mynd, 2. tafla). Þrjátíu og þrír skúfandarungar voru á lífi síðsumars og það þarf að fara ein fimm ár aftur í tímann til finna álíka háar tölur (4. mynd, 3 tafla).

Æður

Varpstofn æðarfugls taldi 15 pör vorið 2009 og stofninn hefur aldrei fyrr verið jafn lítill síðan regluleg vöktun hófst árið 1973 (1. tafla). Æðarstofninn á Tjörninni hefur verið á niðurleið í tuttugu til þrjátíu ár og ekkert lát þar á (2. mynd, 2. tafla). Tuttugu og þrír æðarungar voru á lífi síðsumar (1. tafla). Þetta er á svipuðu róli og verið hefur síðustu 10 til 15 ár (3. tafla). Miklu fleiri æðarungar komust upp á Tjörninni fyrr á árum (4. mynd).

Óhætt er að fullyrða að endurnar standa höllum fæti. Af þessum fimm tegundum anda sem verpa við Tjörnina er ein nær horfin (gargönd), tvær í mikilli fækkun og þær munu hverfa á næstu árum fari fram sem horfir (duggönd og æður), en tvær tegundir eru í góðu gengi (stökkönd og skúfönd).

Aðrar endur

Urtendur hafa haft vetursetu á Tjörninni um nokkurra ára skeið. Veturinn 2006–07 taldi hópurinn mest 37 fugla (25. nóvember 2006), 36 veturinn 2007–08 (29. desember 2007), 10 fugla veturinn 2008–2009 (28. desember 2008) og 14 fugla veturinn 2009–10 (27. desember 2009). Toppendur eru árvissar á Tjörninni, í talningum í maí sáust mest 4 steggir og 2 kollur og síðsumars 2 kollur (1. tafla). Taumandarsteggur sást í talningu 30. maí og hafði sést dagana á undan (fyrst 19. maí), þetta er ný tegund fyrir Tjörnina (6. mynd).



6. mynd. *Taumandarsteggur á Tjörninni 30. maí 2009. Taumönd hefur ekki sést fyrr á Tjörninni. Ljós. JÓH.*

Grágæs

Þann 24. júlí 2009 sáust 289 fullorðnar gæsir og 41 ungi á Tjarnarsvæðinu. Fullorðnu fuglarnir eru varpfuglar og geldfuglar. Gæsastofninn hefur heldur minnkað síðustu ár (1. tafla).

Kría

Í talningu 22. maí sáust 76 kríur og 72 þann 30. maí. Um 30 pör reyndu fyrir sér með varp í Litla-Hólma (10 pör) og Þorfinnshólma (20 pör). Nokkrir ungar komust á legg. Kríuvarpinu við Tjörnina hefur hnignað mikið frá því sem var á 8. og 9. áratug nýliðinnar aldar.

Aðrir fuglar

Álftir eru árvissir vetrargestir á Tjörninni, koma í september og fara í maí. Vetursetuhópurinn taldi 86 fugla þann 27. desember 2009. Álftum hefur fækkað á Tjörninni, fyrrum taldi vetursetuhópurinn um og yfir 100 fugla.

3 HVERT SKAL STEFNA?

Tilgangurinn með vöktun Tjarnarfugla er að fylgjast með stofnbreytingum tegundanna. Réttlætingin fyrir þessari vinnu er að vöktunin gefi ábyrgum yfirvöldum færi á að bregðast við í tíma, stefni í óefni með fuglalífið. Vöktunargögnin spanna rúmlega þrjá áratugi og þessi gögn um fuglafánuna sýna að lífríki Tjarnarinnar er í kreppu þessi árin; gargönd er nær horfin sem varpfugl, æðarfugli og duggönd hefur snarfækkað og þessar tegundir munu hverfa á næstu árum fari fram sem horfir.

Þetta eru ekki ný sannindi og á þessa staðreynd hefur verið bent ítrekað í ársskýrslum um Tjarnarfugla á liðnum árum. Hvernig hafa borgaryfirvöld brugðist við rökstuddum upplýsingum um bága stöðu Tjarnarfuglanna? Skemmst frá að segja hafa viðbrögðin, jafnt hjá hinum pólitísku fulltrúum, hver svo sem meirihlutinn hefur verið hverju sinni, og þeirra sem sjá um stjórn á vettvangi, einkennst af tómlæti og áhugaleysi svo ekki sé sterkara að orði kveðið.

Reyndar er það svo að borgaryfirvöld mörkuðu á sínum tíma stefnu varðandi lífríki Tjarnarinnar. Um það má lesa í bókinni „Tjörninn, saga og lífríki“ sem kom út á vegum Reykjavíkurborgar árið 1992. Þar segir m.a. á bls. 165 í kafla 8 „Framtíð Tjarnarsvæðisins“ og er eftir Inga Ú. Magnússon, Einar E. Sæmundsen, Gísli M. Gíslason, Halldór Torfason og Jóhann Pálsson:

„Fjölbreytt andalíf Tjarnarinnar er að miklu leyti manngert og komið var upp vísi að fuglagarði á svæðinu á sjötta ártugnum. Þessi tegundaauðlegð hefur bæði skemmti- og fræðslugildi og ber að vinna áfram í sama anda. Forsenda fyrir slíku ræktunarstarfi er að skipulegt eftirlit sé með Tjarnarfuglunum, bæði almenn umhirða, til dæmis að fódra unga, eyða vörgum, vakta varplönd og fleira, og eins að fylgjast með stofnstærð og viðkomu Tjarnarfugla, þannig að á hverjum tíma sé vitað hvað sé þar af fugli og hvort ákveðnum tegundum sé að fækka eða þær jafnvel að hverfa.“

Umhirða og ræktun fuglalífs Tjarnarinnar hófst um 1920 í borgarstjóratíð Knud Zimsens og á sér því um 90 ára sögu. Ræktunarstarfið var í mestum blóma 1956 til 1986, en kaflaskipti verða þegar síðasti Tjarnareftirlitsmaðurinn (*andapabbinn*) hættir störfum síðsumars 1986. Síðan hefur einhverskonar *Laissez-faire* stefna ráðið ríkjum í umgengni borgaryfirvalda við Tjarnarfugla og leitt okkur inn í þetta öngstræti. Hvernig verður fram haldið, á að taka upp þráðinn í ræktunarstarfinu þar sem frá var horfið 1986, eða eigum við að damla áfram án nokkurra markmiða? Það er borgaryfirvalda að svara þessu.

Það er tillaga skýrsluhöfunda að þráðurinn verði tekinn upp aftur þar sem frá var horfið fyrir um 20 árum og við beinum þessum tillögum til umhverfis- og samgönguráðs. Nefnilega að skipulegt ræktunarstarf og eftirlit með fuglafánunni hefjist að nýju. Þetta taki til þátta líkt og umhirðu fuglalífsins í víðasta skilningi, s.s. að varplöndin verði búin undir komu varpfuglanna og þar sé þeim tryggt öryggi, að ungunum eftir að þeir eru komnir á vatn sé tryggð fæða og öryggi, að fuglafánan sé vöktuð, og að tilvist þeirra andategunda sem eru að hverfa úr fínu Tjarnarinnar verði tryggð með sleppingum ef nauðsyn krefur. Þessi upptalning, um hvað fellst í ræktunarstarfinu, er ekki tæmandi en ætlað að hnykkja á meginþáttunum.

4 TÖFLUR

1. tafla. Andatalningar á Tjörninni 2009.

Tegund	Aldur	22. maí	30. maí	24. júlí
Álft	fullorðin	12	14	1
Grágæs	fullorðin	101	61	289
Grágæs	ungi	0	0	41
Stökkönd	steggur	142	118	283
Stökkönd	kolla	81	46	79
Stökkönd	ungi	2	3	52
Taumönd	steggur	0	1	0
Gargönd	steggur	1	1	1
Gargönd	kolla	1	0	3
Gargönd	ungi	0	0	2
Duggönd	steggur	8	12	1
Duggönd	kolla	6	5	5
Duggönd	ungi	0	0	1
Skúfönd	steggur	53	66	20
Skúfönd	kolla	27	15	41
Skúfönd	ungi	0	0	33
Æður	steggur	21	18	1
Æður	kolla	14	15	15
Æður	ungi	0	0	23
Toppönd	steggur	4	2	0
Toppönd	kolla	2	1	2

2. tafla. Andakollur á Tjörninni í Reykjavík vorið 2009, samanborið við meðaltal árunna 1974–2009.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2009	83	1	27	6	15	132
Meðaltal 1974–09	84	3	26	15	35	163
Hámark	115	6	50	32	72	214
Lágmark	45	1	11	6	15	112
Staðalfrávik	17,07	1,37	7,57	8,03	13,60	25,88
Breytileikastuðull	20	47	29	52	39	16
Ár	30	30	30	29	29	28
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,158	-0,263	0,558	-0,897	-0,590	-0,552

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.

3. tafla. Stálpaðir andarungar á Tjörninni í Reykjavík síðsumars 2009, samanborið við meðaltal árunna 1973–2009.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2009	52	2	33	1	23	111
Meðaltal 1974–09	59	6	27	17	49	159
Hámark	140	31	94	58	125	316
Lágmark	19	0	0	0	0	30
Staðalfrávik	27,76	6,87	18,40	15,86	29,04	71,30
Breytileikastuðull	47	110	68	91	59	45
Ár	29	29	30	30	30	28
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,448	-0,424	0,072	-0,712	-0,645	-0,631

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.